

Yfirlýsing Reynis Traustasonar, ritstjóra DV

Í Kastljósi RÚV var í gær leikin upptaka af samtali mínu og fyrrverandi starfsmanns blaðsins, Jóns Bjarka Magnússonar. Upptakan sem birt var í Kastljósi var gerð án minnar vitundar.

Tveggja manna trúnaðarsamtal er varhugaverð heimild. Í slíku samtali tala menn gjarnan opinskátt og segja jafnvel meira en þeir meina eða vilja sagt hafa. Í þessu einkasamtali við starfsmanninn viðhafði ég óvarleg ummæli um nafngreinda einstaklinga í hita augnabliksins. Ég harma framsetningu þeirra og bið viðkomandi afsökunar. Ég fékk ekki við neitt ráðið. Þessi ummæli eru því ekki aðeins meiðandi fyrir viðkomandi heldur einnig fyrir mig persónulega. Hver og einn á rétt á leiðréttingu orða sinna. Kastljós virti slík sjónarmið að vettugi. Hér var því um að ræða alvarlegt brot gegn persónufriðhelgi minni.

Dagblaðið DV hefur um margra ára skeið átt sér ýmsa óvildarmenn, sem margir hverjir hafa opinberlega talað gegn blaðinu og viljað það burt af fjölmiðlamarkaði. Blaðið hefur fram að þessu staðið allt slíkt af sér og hvergi dregið undan í umfjöllun sinni ef mál er talið upplýsandi.

Þessum fyrrverandi starfsmanni DV var falið það verkefni, eins og hann sjálfur lýsti, að kanna hvað fyrrverandi bankastjóri Landsbankans væri að aðhafast í tengslum við Landsbankann, eftir að hann var þar hættur stöfum. Þegar starfsmaðurinn skilaði inn fréttinni hafði hún áður birst í öðrum fjölmiðlum. Í fréttinni kom fátt fram sem talist gat upplýsandi fyrir lesendur DV. Hún birtist ekki í blaðinu. Þegar starfsmaðurinn óskaði eftir skýringum á því hvers vegna fréttin hafi ekki verið birt fékk hann þessar upplýsingar, en áréttað var við hann að fréttin yrði birt eftir mat á ástandinu og uppfærslu hennar, og að kafað yrði dýpra ofan í málið. Áður en blaðamaðurinn steig fram í fjölmiðlum hafði verið ítrekað skorað á hann að klára fréttina til birtingar.

Eins og starfsmanninum var gerð grein fyrir þarf ritstjóri ávallt að veða og meta hvað birtist í blaði hverju sinni. Lítið mál er fyrir aðila að beita sér gegn blaði eins og DV og koma því á kné. Má sem dæmi vísa til þess er tímaritinu Ísafold var í júlí í fyrra úthýst hjá næststærsta söluaðila landsins vegna umfjöllunar sem viðkomandi hugnaðist ekki. Sú aðgerð leiddi til lokunar þess.

Áréttað er að í fréttinni var ekki greint frá neinu refsiverðu athæfi. Þá voru engar meginreglur eða siðareglur blaðamanna brotnar þegar ákvörðun var tekin um að birta ekki fréttina. Ákvörðunin var ritstjórnarleg. Með frestun fréttarinnar voru hagsmunir starfsfólks Birtíngs-útgáfufélags látnir ráða. Sú ákvörðun var tekin með það að sjónarmiði að tryggja áframhaldandi útgáfu DV sem ég taldi vera ógnað. Í því tveggja manna trúnaðarsamtali sem átti sér stað fékk starfsmaðurinn hins vegar óvenjulega innsýn inn í þá baráttu sem frjáls fjölmiðill þarf að heyja. Hörmuð er sú óvandaða ákvörðun Ríkisútvarpsins að birta upptökuna óklippta, þannig að þar birtust upplýsingar um viðkvæm persónumálefni aðila sem ekki tengjast máli þessu. Fer nú fram mat á réttarstöðu minni vegna þessa.

Vandasamt er að bregðast við í slíkum aðstæðum og ég harma að fyrstu viðbrögð mín voru ónákvæm enda mundi ég ekki samtal mitt við starfsmanninn frá orði til orðs. Ég bið samstarfsmenn mína og alla hlutaðeigandi afsökunar en tel að sú yfirsjón sé ekki af þeirri stærðargráðu að réttlæti uppsögn af minni hálfu. Raunar hefur stjórn og framkvæmdastjórn Birtíngs lýst því yfir við mig að ég njóti fulls trausts til áframhaldandi starfa sem ritstjóri DV.

Að lokum er komið þökkum til þeirra fjölmörgu sem undanfarinn sólarhring hafa séð ástæðu til að gerast áskrifendur blaðsins og munu fá að njóta þeirrar upplýsandi umfjöllunar sem DV hefur leitt að undanfögnu.